



VISTVÆN INNKAUP OG GRÆNN RÍKISREKSTUR

STEFNA RÍKISINS 2013 – 2016

SAMÞYKKT AF RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS ÞANN 9. APRÍL 2013



FORMÁLI

Í stefnu um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur sem ríkisstjórn Íslands hefur nú samþykkt, er fjallað um hvernig samþætta á umhverfissjónarmið góðum innkaupaháttum við innkaup ríkisins og hvernig opinberir aðilar geta gert rekstur sinn grænni.

Í tillögum Alþingis um eflingu Græna hagkerfisins er lögð áhersla á að ríkið verði fyrirmynd og skapi aðstæður fyrir grænt hagkerfi, m.a. í gegnum vistvæn innkaup og markvisst umhverfisstarf. Stefna um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur er í anda þess og byggir jafnframt á markmiðum sjálfbærrar þróunar og innkaupastefnu ríkisins. Stefna um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur tekur við af fyrri stefnu um vistvæn innkaup frá árinu 2009 og eldri umhverfisstefnu í ríkisrekstri frá árinu 1998.

Umfang innkaupa ríkisins er talið vera um 150 milljarðar króna á ári. Með kaupmætti sínum og eftirspurn getur ríkið haft gríðarleg áhrif á þróun á markaði; á vöru- og þjónustuframboð auk þess sem það getur með aðkomu sinni verið drifkraftur nýsköpunar. Svo virðist sem áhersla ríkis og sveitarfélaga á vistvæn innkaup hafi þegar haft veruleg áhrif á markaðinn. Dæmi um það er fjölgun Svansvottaðra fyrirtækja úr 4 í 25 frá samþykkt síðustu stefnu, sem virðist vera bein afleiðing af umhverfiskröfum í útboðum opinberra aðila.

Könnun á stöðu vistvænna innkaupa og vistvæns ríkisreksturs sem gerð var hjá ríkisstofnunum í febrúar 2013, gefur til kynna að um þriðjungur stofnana hugi að vistvænni rekstri. Könnunin dregur fram að stofnanir hafa gagn af hjálpartækjum og fræðslu um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur. Ennfremur sýnir könnunin að þær stofnanir sem fengið höfðu kynningu á vistvænum innkaupum og hjálpartækjum virðast komnar lengra við innleiðingu slíkra aðferða en þær sem ekki fengu fræðslu.

Í stefnunni er lögð áhersla á fræðslu og innleiðingu í góðu samstarfi við hagsmunaaðila, til að tryggja sem bestan árangur við að draga úr umhverfisáhrifum um leið og stuðlað er að aukinni samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja sem bjóða vistvænni valkosti. Þá er gert ráð fyrir að horft verði meðal annars til frammistöðu stofnana í vistvænum innkaupum og grænum rekstri við mat á fyrirmyndar stofnun ársins. Stefna um vistvæn innkaup hefur verið kyngreind. Við áframhaldandi innleiðingu þarf að hafa í huga mismunandi innkaupaáherslur karla og kvenna.

Með ábyrgð á innleiðingu verkefnisins fer stýrihópur um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur. Ábyrgð á innleiðingu stefnunnar í hverri stofnun bera viðkomandi forstöðumenn, með stuðningi stýrihóps.

Reykjavík, 9. apríl 2013


Fjármála- og efnahagsráðherra,

Umhverfis- og auðlindaráðherra,

FORSAGA

Stefna um vistvæn innkaup frá 2009 lagði áherslu á að undirbúa jarðveginn; útbúa verkfæri og góðar upplýsingar, ásamt því að gefa öllum stofnunum kost á kynningarfundum og vinnustofum um vistvæn innkaup. Útbúið var fræðsluefni og fylgt eftir innleiðingaráætlun 2011 – 2012 um vistvæn innkaup. Útbúnar voru leiðbeiningar og verkfæri; þýdd voru 16 umhverfisskilyrði og 24 gátlistar, gerð skapalón fyrir grænt bókhald og innkaupagreiningu ásamt hugmyndalista fyrir vistvænan rekstur. Gerðar voru endurbætur á vefnum www.vinn.is með fjölbreyttu og aðgengilegu efni. Í byrjun árs 2013 hafa 141 stofnun fengið boð á kynningarfundum. Af þeim stofnunum sem boðaðar voru hafa 85 sótt kynningarfund og 52 sótt vinnustofu. Stefnt er að því að fyrir sumar 2013 hafi öllum stofnunum verið boðið á kynningarfundum og vinnustofum.

Skýrt verklag í innkaupum er forsenda árangurs. Markmið um notkun á umhverfisskilyrðum í útboðum ríkisins náðust ekki og voru umhverfisskilyrði nýtt í fjórum útboðum Ríkiskaupa á tímabilinu. Hins vegar virðist sem áhersla ríkis og sveitarfélaga á vistvæn innkaup hafi þegar haft áhrif á markaðinn. Dæmi um það er fjölgun Svansvottaðra fyrirtækja úr 4 í 25, en hún virðist vera bein afleiðing af umhverfiskröfum í útboðum opinberra aðila.



Gerð var könnun í janúar 2013 á stöðu opinberra stofnana varðandi innleiðingu vistvænna innkaupa og vistvæns rekstur vegna endurskoðunar á stefnunni. Könnunin gefur meðal annars til kynna að aðstoð við innleiðingu sé mikilvæg og að vinnustofur, verkfæri og vefurinn www.vinn.is nýist vel. Fram kom að stofnanir sem fengið höfðu fræðslu um vistvæn innkaup og kynnst hjálpartækjum virtust standa betur að vígi varðandi innleiðingu vistvænna innkaupa en stofnanir sem ekki höfðu fengið fræðslu. Í könnuninni má sjá að um þriðjungur stofnana segist huga að vistvænum rekstri. Í könnuninni er ekki lagt mat á starfið eða árangurinn. En svörin gefa til kynna að nokkur hluti stofnana hafi þegar sett vistvænan rekstur á dagskrá og vinni á sinn hátt að því að gera reksturinn vistvænni.

Í tillögum Alþingis um eflingu Græna hagkerfisins er lögð áhersla á að ríkið verði fyrirmynd og skapi aðstæður fyrir grænt hagkerfi, m.a. í gegnum vistvæn innkaup og markvisst umhverfisstarf. Opinber innkaup geta haft veruleg áhrif á atvinnuþróun og nýsköpun. Hér er átt við nýsköpun fyrir tilstilli opinberra innkaupa (e. public procurement innovation). Það gerist þannig að opinberir aðilar setja fram kröfur með góðum fyrirvara og fyrirtæki bregðast við með því að þróa nýjar lausnir í formi vöru eða þjónustu í samræmi við kröfurnar. Um leið er stuðlað að auknu samstarfi opinberra aðila og fyrirtækja, sem er vel til þess fallið að auka skilvirkni í rannsóknum og þróun, eins kom fram í viðtölum við samtök atvinnuvega við mótun stefnunnar. Þannig geta kröfur opinberra aðila í útboðum verið árangursríkari leið til að styrkja nýsköpun en beinir styrkir.

Norðurlöndin og Evrópulönd leggja mikla áherslu á uppbyggingu græns hagkerfis og gegna vistvæn innkaup þar lykilhlutverki. Litið er svo á að evrópska innkaupalöggjöfin sem nú er í endurskoðun sé í raun hluti af atvinnustefnu landanna, að hún sé drifkraftur í nýsköpun og grænu hagkerfi og mun áhersla ESB á vistvæn sjónarmið endurspeglast í nýrri löggjöf um opinber innkaup. Víða erlendis hefur verið lögð áhersla á að innleiða vistvænni rekstur ríkisins, til dæmis hafa Svíar gert kröfu til ríkisstofnana um að birta sjálfbærnivísa í samræmi við leiðbeiningar Global Reporting Initiative (GRI). Þar hefur þetta leitt til aukinnar meðvitundar innan stofnana um mikilvægi sjálfbærrar þróunar, hnitmiðaðri vinnubragða og bættra verkferla, markviss umhverfisstarfs í rekstri og þess að koma málefnum sem varða sjálfbæra þróun hærra á forgangslista stjórnenda.

STEFNA UM VISTVÆN INNKAUP OG GRÆNAN RÍKISREKSTUR

TILGANGUR

Með stefnu um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur er leitast við að minnka umhverfisáhrif opinberra innkaupa, aðstoða opinberar stofnanir við að gera rekstur sinn umhverfissvænni og stuðla að sjálfbærri neyslu. Stefnan á að stuðla að bættari samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja sem bjóða umhverfissvænni valkosti til að mæta kröfum ríkisins og verða þar með samkeppnishæfari í ljósi staukinna krafna um umhverfissvæna kosti.

LEIÐARLJÓÐ

- » **Góð samskipti við aðila markaðarins og gagnsæ vinnubrögð** stuðli að virkri samkeppni, auknu vöruúrvali og nýsköpun til að mæta auknum væntingum og kröfum um umhverfissjónarmið.
- » **Ríkisstofnanir gefi skýr skilaboð til markaðarins** um að þær taki tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða við innkaup. Kröfur sem ríkið gerir varðandi vistvænan rekstur séu ávallt gagnsæjar og vel rökstuddar. Aðeins með þeim hætti getur markaðurinn brugðist við þeim og bætt framboð sitt sem mætir nýjum þörfum.
- » **Verklag og verkfæri séu sameiginleg** sem gera vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur einfaldan, faglegan og aðgengilegan. Starfsfólk ríkisstofnana fái upplýsingar, fræðslu og faglega ráðgjöf um vistvæn innkaup og grænan rekstur.
- » **Grænn ríkisrekstur sé markviss** og í samræmi við bestu aðferðir hverju sinni.

SÝN FYRIR ÁRIÐ 2016

Ríkið setur skýrar kröfur um vistvænar áherslur við innkaup og er drifkraftur í nýsköpun og grænu hagkerfi. Árangur er mældur og kynntur. Almennungi og birgjum er kunnugt um kröfur og árangur.

Stofnanir hafa greiðan aðgang að skilvirkum hjálpartækjum, s.s. umhverfisskilyrðum í öllum helstu vöru- og þjónustuflokkum til styðjast við og lykilstarfsmenn hafa fengið góða fræðslu og þjálfun í vistvænum innkaupum. Vistvænar áherslur eru eðlilegur og sjálfsagður hluti af innkaupaferli, jafnt í almennum innkaupum sem útboðum.

Í ríkisrekstrinum er að finna áhugaverðar og metnaðarfullar fyrirmyndir um grænan rekstur þar sem unnið er eftir umhverfisstefnu og fylgst er með árangri í grænu bókhaldi.

MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Til þess að framtíðarsýn fyrir árið 2016 verði að veruleika hafa eftirfarandi markmið verið sett:

- » *Þeir sem sjá um útboðsgerð hafi þekkingu á vistvænum innkaupum og færni til að beita þar til gerðum verkfærum, s.s. umhverfisskilyrðum og útreikningum á líftímakostnaði.*
- » *Forstöðumenn og innkaupafólk stofnana þekki til og noti almenn verkfæri vistvænna innkaupa, svo sem gátlista.*
- » *Birgjar ríkisins fái upplýsingar um vistvænar kröfur sem gerðar eru í innkaupum, með góðum fyrirvara. Ríkið og birgjar eigi í árangursríku samstarfi um þróun vistvænna innkaupa með skapandi lausnum.*
- » *Rammasamningar ríkisins uppfylli að lágmarki lágmarksskilyrði grunnviðmiða í umhverfisskilyrðum þeirra vöru- og þjónustuflokka þar sem slík skilyrði hafa verið útbúin.*
- » *Hlutfall vistvænna útboða, þ.e. útboða með umhverfisskilyrðum, útboða sem taka mið af líftímakostnaði eða útboða sem á annan hátt eru til þess fallin að minnka umhverfisáhrif, verði 50% árið 2016.*
- » *Móta tillögu um fyrirkomulag um endurgreiðslu á hluta innkaupsverðs vegna kaupa á umhverfismerktum vörum stofnana ríkisins.*
- » *Starfsfólk og stjórnendur stofnana hafi þekkingu á grænum rekstri og kunnáttu í að beita hjálpartækjum til að lágmarka umhverfisáhrif með einföldum og skilvirkum aðferðum sem eru að mestu sameiginlegar og eiga almennt við um allar stofnanir.*
- » *Stofnanir noti grænt bókhald eða sjálfbærnivísa til að meta frammistöðu í umhverfismálum, upplýsingum sé safnað og miðlað.*

Í aðgerðaáætlun er nánar kveðið á um aðgerðir, ábyrgðaraðila og tímamörk, sjá í viðauka 1. Framkvæmd aðgerðaáætlunar er ætlað að færa ríkisreksturinn nær þeirri framtíðarsýn sem mörkuð er með stefnunni. Aðgerðaáætlun verður endurskoðuð árlega. Árið 2014 verða ofangreind markmið metin og í kjölfarið verða sett töluleg markmið fyrir hvert og eitt þeirra út gildistíma stefnunnar. Almennngi og birgjum verður gert kunnugt um árangur áætlunarinnar.

Með ábyrgð á innleiðingu verkefnisins fer stýrihópur um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur. Stýrihópurinn er skipaður fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytis, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Ríkiskaupa, Umhverfisstofnunar auk fulltrúa sveitarfélaga og lykilstofnana. Ábyrgð á innleiðingu stefnunnar í hverri stofnun bera viðkomandi forstöðumenn.

VIÐAUKI I – AÐGERÐAÁÆTLUN

VISTVÆN INNKAUP OG GRÆNN RÍKISREKSTUR - STEFNA RÍKISINS 2013 - 2016			
AÐGERÐAÁÆTLUN			
MARKMIÐ	AÐGERÐIR	ÁBYRGÐ	TÍMI
Þeir sem sjá um útboðsgerð hafi þekkingu á vistvænum innkaupum og færni til að beita þar til gerðum verkfærum, s.s. Umhverfisskilyrðum og útreikningum á líftímakostnaði.	Ríkiskaup, sem leiðandi fagaðili, fylgist markvisst með, færi heim og miðli þróun erlendis á sviði vistvænni innkaupa, svo sem á sviði líftímakostnaðar og nýskapandi innkaupa.	Ríkiskaup	2013-2016
	Samstarf stærri stofnana og Ríkiskaupa um verkaskiptingu og þjálfun sérfræðinga í ákveðnum vöruflokkum.	Ríkiskaup, FSR og fleiri eftir atvikum.	2013-2016
Forstöðumenn og innkaupafólk stofnana þekki til og noti almenn verkfæri vistvænna innkaupa, svo sem gátlista.	Stýrihópur VINN vinni eftir kynningaráætlun fyrir vistvæn innkaup.	Stýrihópur	2013-2016
	Stýrihópur sjá til þess að vefurinn vinn.is sé gagnlegur og lifandi miðill fyrir upplýsingar um vistvæn innkaup.	Stýrihópur	2013-2016
	Stýrihópur veiti forstöðumönnum fræðslu um vistvæn innkaup og nýtingu sértækra umhverfisskilyrða eftir atvikum.	Stýrihópur /Ríkiskaup	2013-2014
	Stýrihópur ljúki fyrstu kynningu fyrir allar stofnanir og vinnustofu	Stýrihópur	vor 2013
	Stýrihópur móti og stígi næstu skref í fræðslu um vistvæn innkaup, sem feli t.d. í sér vinnustofur og tengingu við önnur viðfangsefni sem lúta að grænum ríkisrekstri.	Stýrihópur	2013

MARKMIÐ	AÐGERÐIR	ÁBYRGÐ	TÍMI
Birgjar ríkisins fá upplýsingar um vistvænar kröfur sem gerðar eru í innkaupum, með góðum fyrirvara. Ríkið og birgjar eigi í árangursríku samstarfi um þróun vistvænna innkaupa með skapandi lausnum.	Virk miðlun upplýsinga frá útboðsaðilum um kröfur og þarfir ríkisins.	Ríkiskaup	2013-2016
	Hvatt verður til samstarfs birgja og kaupenda um þróunarverkefni vistvænna lausna.	Ríkiskaup/ FSR	2014-2016
	Þróa birgjamat sem kaupendur geta nýtt sér við að koma sér upp skilvirku verklagi við eftirfylgni á útboðskröfum.	Ríkiskaup	2013-2014
Rammasamningar ríkisins uppfylli að lágmarki lágmarksskilyrði grunnviðmiða í umhverfisskilyrðum þeirra vöru- og þjónustuflokka þar sem slík skilyrði hafa verið útbúin.	Útboðsaðilar ríkisins innleiði verklag sem tryggir að umhverfisskilyrði séu ávallt notuð þegar mögulegt er.	Ríkiskaup	2013-2016
Hlutfall vistvænna útboða, þ.e. útboða með umhverfisskilyrðum, útboða sem taka mið af líftímakostnaði eða útboða sem á annan hátt eru til þess fallin að minnka umhverfisáhrif, verði 50% árið 2016.	Stýrihópur sjái til þess að úrval gátlista og umhverfisskilyrða verði aukið.	Stýrihópur	2013-2014
	Í verklagi útboðsaðila sé gert ráð fyrir því að ávallt séu nýtt sérhæfð erlend umhverfisskilyrði þegar þau eru fyrir hendi.	Ríkiskaup	2013-2016
	Útboðsaðilar móti áætlanir með hliðsjón af ofangreindum tölulegum markmiðum og komi þeim á framfæri við stýrihóp.	Stýrihópur	2013-2016

MARKMIÐ	AÐGERÐIR	ÁBYRGÐ	TÍMI
Móta tillögu um fyrirkomulag á endurgreiðslu á hluta innkaupsverðs vegna kaupa á umhverfismerktum vörum stofnana ríkisins.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið leitar eftir tillögum við útfærslu á fyrirkomulagi m.a. hjá stýrihópi.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	2014
Starfsfólk og stjórnendur stofnana hafi þekkingu á grænum rekstri og kunnáttu í að beita hjálpartækjum til að lágmarka umhverfisáhrif með einföldum og skilvirkum aðferðum sem eru að mestu sameiginlegar og eiga almennt við um allar stofnanir.	Stýrihópur VINN mótar hjálpartæki sem auðveldar stofnunum að stunda grænan rekstur. Hjálpartækin eru aðgengileg, t.d. með miðlun á vef.	Stýrihópur	2013-2014
	Stofnanir ríkisins nýti sér hjálpartækin á markvissan hátt og byggi þau inn í verklag sitt.	Stofnanir ríkisins	2013-2016
	Stýrihópur VINN sér til þess að stofnanir fái kynningu á grænum rekstri og læri að nota hjálpartæki.	Stýrihópur	2013-2014
	Stofnanir sjá um að byggja upp þekkingu og færni í grænum rekstri og gera hann að sýnilegum þætti í innra starfi.	Stofnanir ríkisins	2013-2016
Stofnanir noti grænt bókhald eða sjálfbærnivísa til að meta frammistöðu í umhverfismálum, upplýsingum sé safnað og miðlað.	Stýrihópur VINN lætur stofnunum í té forskrift að grænu bókhaldi, safnar niðurstöðum og miðlar á vefnum vinn.is.	Stýrihópur	2013-2016
	Stofnanir styðjist við viðmiðanir GRI í ársskýrslum, eftir því sem við getur átt.	Stýrihópur	2014-2016

VIÐAUKI II – SKILGREININGAR

Eftirfarandi eru algeng hugtök og skilgreiningar á sviði vistvænna innkaupa og græns reksturs:

Vistvæn innkaup eru að velja þá vöru eða þjónustu sem er síður skaðleg umhverfinu eða heilsu manna og ber sama eða lægri líftímakostnað samanborið við aðrar vörur og þjónustu sem uppfylla sömu þörf.

Grænt bókhald er efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar um hvernig innkaupum á rekstrarvöru og þjónustu er háttað, aðallega í formi tölulegra upplýsinga. Grænt bókhald gefur yfirsýn yfir magntölur í rekstri og vísar þannig á tækifæri til að draga úr umhverfisáhrifum.

Líftímakostnaður er innkaupaverð vöru auk kostnaðar við rekstur, viðhald og förgun. Rekstur vörunnar getur verið margfalt dýrari en innkaupaverð vörunnar. Mikilvægt er að taka mið af líftímakostnaði í innkaupaferlinu. Þetta á til dæmis við um prentara og bíla.

Sjálfbærnisvar eru mælikvarðar sem meta árangur á sviði sjálfbærni, það er árangur á sviði efnahags, samfélags og umhverfis. Global Reporting Initiative (GRI) eru dæmi um samtök sem hafa þróað alþjóðleg viðmið um gerð sjálfbærnisvísar og hvernig þeim skuli miðlað á áreiðanlegan og gagnsæjan hátt í ársskýrslum.

Grænn ríkisrekstur (samheiti: vistvænn eða umhverfisvænn ríkisrekstur) er sá rekstur sem hefur minni neikvæð áhrif á umhverfið en annar sambærilegur rekstur. Í rekstri eru umhverfisþættir sem hafa gagnkvæma verkun á umhverfið, svo sem samgöngur, orkunotkun, efnanotkun og innkaup. Markviss stjórnun þessara þátta, með stuðningi umhverfisstefnu og vinnu að markmiðum og aðgerðaráætlun, dregur úr neikvæðum áhrifum á umhverfið.

Umhverfisskilyrði eru kröfur eða viðmið um umhverfisþætti vegna eiginleika þeirrar vöru eða þjónustu sem boðin er út og sett eru fram í útboðsgögnum. Umhverfisskilyrði eru sett fram sem lágmarksskilyrði eða matsviðmið.

Umhverfisstefna er ásetningur um verklag sem ráðast þarf í til að ná tilteknum markmiðum á sviði umhverfismála. Umhverfisstefna markar leiðina til framtíðarsýnar og er það sem stjórnendur innleiða með starfsfólki sínu.

Umhverfismerki. Viðurkennt umhverfismerki er trygging kaupenda fyrir því að varan eða þjónustan skaði umhverfið minna en aðrar sambærilegar vörur eða þjónusta. Umhverfismerkt vara eða þjónusta uppfyllir tiltekin umhverfisskilyrði sem oftast ná til alls lífsferils vörunnar s.s. hráefnisvals, hönnunar, framleiðslu, flutninga, notkunar og förgunar. Áreiðanlegt umhverfismerki byggir á úttekt óháðs aðila og uppfyllir staðal um Tegund 1.